

Seyðisfjörður

Á Seyðisfirði er aðstaða til að taka á móti skemmtiferðaskipum góð, innsiglingin í fjörðinn er djúp og fjörðurinn er skerjalaus. Ferjulægi sem sérstaklega var gert fyrir Norrænu er 10 m að dýpt og með 170 m kanti. Auðvelt er að taka á móti stærri skipum vegna legu á hafnarkanti. Farþegamiðstöð Norrænu og tollaðstaða afgreiðir um 3.000 manns á fjórum klukkustundum. Sérstök aðstaða, flotbryggja, er fyrir farþegaskip sem ekki koma að bryggju og eru farþegar þeirra selfluttir í land. Við höfnina er rekin upplýsingamiðstöð allt árið. Góð aðstaða er fyrir hópferðabifreiðar.

Hnattstaða	65°15 N 14°15 W
Staðsetning	Hafnasvæði á landi er frá Grýtá að norðan, allt svæði sjávarmegin Vestdalseyrarvegur og Ránargötu að lóð Fjarðargötu 1. Þá tilheyrir ferjubílastæði við Fjarðargötu höfninni og allt svæði austan Lónsleiru frá Fjarðargötu að Hafnargötu. Þaðan áfram svæði sjávarmegin Hafnargötu og Strandvegur allt að Grjótgörðum að sunnan.
Tegundir skipa	Allar gerðir
Siglingaaðkoma	Greið og hindrunarlaus
Aðgerðastjórn (AST) og stjórnstöð	Björgunarsveitarhús Miðási 1/Lögreglustöð, Lyngási 15, Egilsstöðum. Í AST sitja eftirfarandi eða fulltrúar: <i>Lögreglustjórinn á Austurlandi og/eða yfirlögregluþjónn</i> <i>Umdæmislæknir sóttvarna á Austurlandi</i> <i>Fulltrúi Seyðisfjarðarhafnar</i> <i>Slökkviliðsstjóri brunavarna</i> <i>Fulltrúi HAUST</i> <i>Fulltrúi svæðisstjórnar björgunarsveita, svæði 13</i> <i>Fulltrúi Rauða krossins á Íslandi</i> <i>Fulltrúi heilbrigðisstofnunar (HSA)</i>
ST til vara	Lögreglustöðin Egilsstöðum, Lyngási 15
Vettvangsstjórn (VST)	Björgunarsveitarhúsið, Hafnargötu 17, Seyðisfirði,
Móttökustaður (MÓT) (BS)	Langitangi, bæjarbryggja
Söfnunarsvæði látinna (SSL)	Vörugeymsla, Fjarðargötu 8 og Fjarðargötu 10
Söfnunarsvæði aðstandenda (SSA)	Gamli skólinn, Suðurgötu 4, Seyðisfirði, Hlymsalir, Miðvangi 6, Egilsstöðum
Hvildaraðstaða hjálparliðs	Leikskólinn Sólvellir, Garðarsvegi 1, Seyðisfirði
Biðsvæði (BF/BTB/BH)	Langitangi
Ytra biðsvæði (YB)	Björgunarsveitarhús, Miðási 1, Egilsstöðum

Tafla 13.7 Seyðisfjarðarhöfn